

# Minnisblað

Til: Bæjarráð  
Frá: Bryndís Ósk Jónsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs  
Dags. 26. maí 2023  
Mnr. 2021070009



ÍSAFJARÐARBÆR

## Minnisblað - aðstaða fyrir ferðamenn

Sumarið 2022 (maí-okt) var í gildi samningur Ísafjarðarbæjar við Edinborgarhúsið, um salernisaðstöðu fyrir ferðamenn. Var markmiðið að koma upp viðunandi og afkastamikilli aðstöðu og horft sérstaklega til fjölda skipafarþega.

Árið 2022 var ákveðið að gera aðeins samning til tímabils þessa árs, og meta í lok árs ávinning af samningnum.

Almenningssalernisaðstaða fyrir ferðamenn hefur verið við Byggðasafn (sveitarfélagið greiðir hluta á móti Byggðasafni og Tjöruhúsi) og í Edinborgarhúsi, auk þess sem samningur hefur verið við Ísafjarðarkirkju um afnot þar, svo og horft til aukins álags á Safnahús.

Fyrirhuguð eru um 200 skipakomur tímabilið 2023 (maí til október) en langmesti hluti skipanna kemur frá lok maí til loka september, og því nauðsynlegt að ákveða fyrirkomulag sumarsins.

Í fjárhagsáætlun ársins 2023 var gert ráð fyrir sambærilegum kostnaði og árið 2022 varðandi kaup á þjónustu við Edinborgarhús. Nú hefur þó komið fram að eigi þjónustan að vera áfram í boði þar er nauðsynlegt að hækka verð. Ýmsar ástæður eru fyrir því, s.s. breytingar á þrifum, hækkun verðlags og aukinn ágangur á húsnæðið, með auknum fjölda ferðamanna.

Rætt hefur verið við stjórn Edinborgarhúss um að veita þjónustuna áfram og lagt upp með að gera samning frá 20. maí til 20. september, en utan þess tíma yrði aðstaða opin í Byggðasafni, enda mun færri skipakomur á þeim tíma.

Miðað við þær samningaviðræður sem hafa átt sér stað er lagt til við bæjarráð að **taka afstöðu til þess að gera samning við Edinborgarhús um þjónustukaup sumarið 2023 og/eða til fleiri ára. Þar að auki er nauðsynlegt að gera viðauka við fjárhagsáætlun sem nemur kr. 1.310.000 fyrir tímabilið 2023. Auknum kostnaði er mætt með lækkun hagnaðar Hafnarsjóðs árið 2023.**

**Jafnframt er óskað afstöðu til þess hvort skoða eigi þann kost að koma upp frekari tímabundinni aðstöðu fyrir ferðamenn ofarlega á Eyrinni.**